

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2014

Reykjavík 26. maí 2015

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2014

Almennt um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.

Endurskoðendaráð er skipað samkvæmt lögum um endurskoðendur sem tóku gildi 1. janúar 2009 með innleiðingu áttundu tilskipunar Evrópuráðsins og er hlutverk þess að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Gæðaeftirlit er mikilvægur hluti þess eftirlits sem endurskoðendaráði er ætlað sbr. VII. kafla laganna. Ráðið setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins og hefur eftirlit með því en framkvæmd þess er í höndum Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) samkvæmt 13. gr. laganna.

Almennt skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti eins og segir í 1. mgr. 22. gr. laganna. Þó skulu endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (ETA) sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Af hálfu FLE hefur gæðanefnd félagsins umsjón með gæðaeftirlitinu. Gæðaeftirlitið annast sérstakir gæðaeftirlitsmenn sem endurskoðendaráð hefur samþykkt og skila þeir skýrslum að loknu gæðaeftirliti til gæðanefndar. Nefndin yfirfer hverja skýrslu og skilar þeim að lokum til endurskoðendaráðs ásamt greinargerð um eftirlitið. Endurskoðendaráð leggur eigið mat á niðurstöðu hverrar skýrslu og bregst við í samræmi við það. Samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laganna skal endurskoðendaráð árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

Undirbúningur gæðaeftirlits 2014

Eins og kveðið er á um í 22. gr. laganna um endurskoðendur beinist gæðaeftirlitið að endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum og er markmið þess að stuðla að því að við framkvæmd endurskoðunar sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II. í lögnum.

Gæðaeftirlit 2014 var fimmta gæðaeftirlitið sem framkvæmt var eftir að lög nr. 79/2008 tóku gildi. Undirbúningur að gæðaeftirliti 2014 hófst í byrjun árs 2014 og var í framhaldi af því sent boðunarbréf til þeirra sem sæta skyldu eftirliti.

Reglur nr. 771/2012 voru yfirfarnar og voru gerðar þær breytingar að 8. gr. reglnanna var felld brott, en 10. gr. og 11. gr. var breytt. Breytingarnar á 10. gr. voru með þeim hætti að fresturinn sem gæðaeftirlitsmenn hafa til þess að taka saman skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlitsins og afhenda þeim aðila sem eftirlitið beinist að var stytur úr þremur vikum í 10 daga frá því að gagnaöflun lauk. Á 11. gr. var gerð sú breyting að nú er tekið fram að eigi

síðar en 30. nóvember ár hvert skuli Félag löggiltra endurskoðenda taka saman niðurstöður að loknu gæðaeftirliti og afhenda endurskoðendaráði. Reglur um breytingu á reglum nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda nr. 778/2014 voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda 26. ágúst 2014. Þann 29. apríl 2014 sendi endurskoðendaráð bréf til FLE þar sem ráðið óskaði eftir því að FLE framkvæmdi gæðaeftirlit hjá nánar tilgreindum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum sem valdir voru með tilviljanakenndu úrtaki. FLE sendi í kjölfarið bréf til endurskoðendaráðs þar sem tilnefndir voru gæðaeftirlitsmenn til að framkvæma gæðaeftirlitið. Endurskoðendaráð lagði síðan til að nánar tilgreindir gæðaeftirlitsmenn, sem FLE hafði tilnefnt, framkvæmdu gæðaeftirlit árið 2014.

Framkvæmd gæðaeftirlits 2014

Gæðaeftirliti 2014 var skipt í þrjá megin hluta og var markmið eftirlitsins að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Fyrsti hlutinn sneri að því að kanna hvort endurskoðendur uppfylli skilyrði í II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Annar hlutinn fjallaði um athugun á því hvort tekið hafi verið upp gæðakerfi sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna eða að tekin hafi verið skref í þá átt að taka upp slíkt kerfi. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beindist síðan að því hvort endurskoðendur færu að bráðabirgðaákvæði II um góða endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar samkvæmt 9. gr. laganna.

Gæðaeftirlitinu var beint að einstökum endurskoðendum, hvort sem þeir störfuðu einir eða voru í samstarfi með öðrum. Í febrúar 2014 sendi endurskoðendaráð boðunarbréf til allra sem sæta skyldu gæðaeftirliti og óskaði eftir upplýsingum um fjölda endurskoðunarverkefna og hvaða ETA verkefni viðkomandi hefði endurskoðað fyrir árið 2013, ef svo hefði verið. Alls lentu 100 endurskoðendur í úrtaki, en af þeim voru 56 sem árituðu ekki ársreikning vegna reikningsársins 2013 og sættu því ekki eftirliti. Alls sættu 44 endurskoðendur gæðaeftirliti 2014 og af þeim voru 18 endurskoðendur með ETA verkefni. Engin endurskoðandi var í endurteknu gæðaeftirliti.

Gæðaeftirlitið hófst í október 2014 og lauk framkvæmd þess að mestu með skýrslu gæðanefndar til endurskoðendaráðs í desember 2014, þar sem fram kom umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlits. Síðustu gæðaeftirlitsskýrslurnar bárust endurskoðendaráði 6. janúar 2015. Gæðanefnd starfaði samkvæmt ofangreindum reglum endurskoðendaráðs og eigin verklagsreglum sem gæðanefndin hafði sett um framkvæmd eftirlitsins. Nefndin fjallaði um skýrslur gæðaeftirlitsmanna eftir því sem þær bárust og setti fram ábendingar eða athugasemdir ef hún taldi ástæðu til. Starfsmaður endurskoðendaráðs sótti gæðaeftirlitsskýrslurnar á skrifstofu FLE, en skýrslur gæðaeftirlitsmanna ásamt umsögn eða athugasemdum sem fram höfðu komið við gæðaeftirlitið voru afhentar ráðinu með nafnleynd.

Við gæðaeftirlitið var stuðst við gátlista sem fylgdu áður nefndum reglum um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Gátlistarnir skiptast í fjóra meginkafla og upptalning á einstökum liðum miðast við gæðahandbók FLE, sem útbúin var árið 2002:

- Gátlisti 1: Almennar upplýsingar
- Gátlisti 2: Innra gæðaeftirlitskerfi
- Gátlisti 3: Gæðaeftirlit vegna endurskoðunarverkefna
- Gátlisti 4: Einingar tengdar almannahagsmunum

Í gátlistunum er vísað til ákvæða í lögum um endurskoðendur, ákvæða í alþjóðlegum endurskoðunarstaðli um gæðakerfi (ISQC 1) og ákvæða í almennum endurskoðunarstöðlum (ISA). Við gæðaeftirlitið var tekið tillit til stærðar og umfangs endurskoðunarverkefna og við það miðað að skráning og öflun endurskoðunargagna væri í samræmi við tilmæli ISA staðlanna og nægilegur rökstuðningur fyrir því álitum endurskoðandans sem fram kemur í áritun hans á endurskoðaðan ársreikning. Jafnframt hefur gæðaeftirlitið þann tilgang að miðla gagnlegum ábendingum til þeirra sem sæta gæðaeftirliti. Eðli máls samkvæmt gildir það verklag við gæðaeftirlit að byggja verður á skráningu endurskoðunar í því verkefni sem er til skoðunar hverju sinni. Skráning, öflun og varðveisla endurskoðunargagna hefur alltaf verið mikilvægur þáttur endurskoðunar bæði fyrir og eftir gildistöku núgildandi laga um endurskoðendur.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins

Úrtak vegna gæðaeftirlits 2014 var mjög stórt þar sem stefnt er að því að ljúka sex ára ferli við gæðaeftirlit sem hófst á árinu 2009 við gildistöku laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, á árinu 2015. Alls voru 103 endurskoðendur boðaðir í gæðaeftirlit ársins 2014. Töluverður fjöldi þeirra endurskoðanda hafði ekki endurskoðað ársreikninga fyrir árið 2014 og fór að endingu svo að 44 endurskoðendur sættu gæðaeftirliti á árinu 2014. Endurskoðendaráð fór yfir allar skýrslur gæðaeftirlitsmanna og tók afstöðu til frekari meðferðar, sem getur verið með eftirfarandi hætti:

- Ef ekki hafa komið í ljós annmarkar er málinu lokið án frekari afskipta. Endurskoðendaráð getur þó óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum ef þurfa þykir til að komast að niðurstöðu.
- Ef óverulegir annmarkar hafa komið í ljós skal veita endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem í hlut á hæfilegan frest til að bæta úr þeim sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Endurskoðendaráð metur í hverju tilviki fyrir sig hvort þörf sé á endurteknu eftirliti eða hvort málinu er lokið með tilmælum um breytta starfshætti í framtíðinni.
- Telji endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum um endurskoðendur svo að ekki verði við unað skal endurskoðendaráð í rökstuddu álitum veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Áður en endurskoðendaráð tekur ákvörðun er endurskoðendum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Niðurstöður gæðaeftirlits 2014:

<i>Endurskoðendur sem árita ársreikninga</i>	26	
Engar athugasemdir eða ábendingar	5	
Einungis ábendingar	13	Þar af 5 með 5 eða fleiri
Athugasemdir og ábendingar	3	Allir með 1 athugasemd
Athugasemdir, ábendingar og endurtekið eftirlit	4	Athugasemdir frá 1 til 5
Ólokið	1	
<i>Endurskoðendur með ETA verkefni</i>	18	
Engar athugasemdir eða ábendingar	5	
Einungis ábendingar	7	Þar af 3 með 5 eða fleiri
Athugasemdir og ábendingar	4	Allir með 1 eða fleiri ath.
Athugasemdir, ábendingar og endurtekið eftirlit	1	
Ólokið	1	
Samtals	44	

Niðurstöður gæðaeftirlits 2014 eftir gátlistum

- Gátlisti 1 – almennar upplýsingar
 - Engar athugasemdir
- Gátlisti 2 – innra gæðaeftirlitskerfi
 - Tvær athugasemdir
- Gátlisti 3 – framkvæmd endurskoðunar
 - Nær allar athugasemdir og ábendingar í gæðaeftirliti 2014 varða gátlista 3, t.d. endurskoðun tekna, endurmat eigna, mat á vinnu sérfræðinga, lok endurskoðunar, áhættumat, hættu á að stjórnendur fari fram hjá innra eftirliti, orðalag ráðningarbréfs og orðalag staðfestingarbréfs.
- Gátlisti 4 – einingar tengdar almannahagsmunum
 - Tvær athugasemdir

Líkt og niðurstöður gæðaeftirlitsins gefa til kynna var engum endurskoðanda veitt áminning vegna athugasemda sem fram komu við gæðaeftirlit 2014 en fimm endurskoðendum var þó gert að sæta endurteknu eftirliti vegna fjölda athugasemda og/eða vegna alvarleika athugasemdanna sem fram komu í gæðaeftirlitinu. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna betri niðurstöðu þeirra sem árita ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum, en miklar kröfur er eðli máls samkvæmt gerðar til endurskoðenda sem árita ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum. Sæta endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoða slík fyrirtæki gæðaeftirliti á þriggja ára fresti í stað sex.

Ábendingar og athugasemdir sem fram komu í gæðaeftirliti 2014 eru svipaðar þeim sem fram komu við gæðaeftirlit 2012. Ítrekaðar athugasemdir í gæðaeftirliti 2014 sneru einkum að eftirfarandi atriðum:


- Skilgreiningu áhættu vegna endurskoðunar á tekjum
- Endurskoðun í fyrsta sinn
- Endurskoðun vegna tengdra aðila
- Orðalagi áritunar og viðeigandi tilvísunum í staðla og reglur

Eins og fram kemur í yfirliti um niðurstöðu gæðaeftirlitsins er gæðaeftirliti hjá þeim endurskoðendum sem lentu í úrtaki endurskoðendaráðs vegna gæðaeftirlits 2014 ekki að fullu lokið. Eitt mál er á lokastigi og má búast við að því verði lokið fljótlega, en í einu tilviki á eftir að framkvæma gæðaeftirlit. Ekki liggur fyrir hvenær það verður framkvæmt.


Endurskoðendaráði, 26. maí 2015.


Áslaug Árnadóttir


Hildur Árnadóttir


Jóhann Unnsteinsson


Pálína Árnadóttir


Þórður Reynisson